

## Kröfur fyrir aðild að Félagi sálmeðferðarfræðinga (SALM) á Íslandi

### KAFLI I Sálmeðferðarfræði - nám og fag

- I-1** Evrópa: Sálmeðferðarfræðingar (e: Psychotherapist) er vel þekkt fagstétt í Evrópu og öðrum heimsálfum. Sálmeðferðarfræði (e: Psychotherapy) er oftast 4 ára framhaldsnám á meistarastigi háskóla að loknu grunnháskólanámi í annarri grein, þ.e. sem diploma á meistarastigi (4 ár) eða meistaragráða (5 ár). Mismunandi kröfur eru milli landa á hvaða sviði grunnmenntunin skal vera. Stéttin er ýmist löggilt af yfirvöldum eða menntunarlega stýrt af fagfélögum í viðkomandi landi. Það fer oftast saman að þau lönd sem hafa löggildingu yfirvalda veita aðeins læknum og sálfræðingum með sálmeðferðarframhald starfsleyfi en löndin þar sem fagfélög votta menntun hafa hleypt öðrum starfsstéttum með sálmeðferðarframhald inn í fagið. Hið síðara er þróunin í dag. Yfirlit yfir stöðu sálmeðferðarfræði (e: Psychotherapy) í Evrópu er á vef Evrópusamtaka sálmeðferðarfræðinga (EAP).
- I-2** Evrópusamtök sálmeðferðarfræðinga, European Association for Psychotherapy (EAP), voru stofnuð 1991 og starfa í 41 landi. Þau eru einu regnhlífarsamtök sálmeðferðarfræðinga, menntastofnana og fagfélaga í Evrópu, en þau starfa í 41 landi. Þau setja gæðaviðmið um menntun, siðareglur, hæfni, starfshætti og símenntun og eru eina kerfið sem hefur sett fram slíka staðla. Evrópusambandið (EU) hefur ekki gefið út staðla. Samtökin votta menntastofnanir (EAPT) sem uppfylla þessa samhæfðu staðla og gefa út Evrópska vottun á námi, European Certificate of Psychotherapy (ECP). Í EAP eru um 120.000 sálmeðferðarfræðingar, 28 landsfélög, 77 menntastofnanir og 17 undirgreinafélög. EAP er meðlimur í heimssamtökum sálmeðferðarfræðinga, World Council for Psychotherapy (WCP) en reglur þeirra eru samhljóða reglum EAP.
- I-3** Við gerð staðals fyrir aðild að félagning var tekið mið af reglum EAP (Evrópa), UKCP (Bretland) og DPFO (Danmörk) en þau tvö síðastnefndu taka mið af reglum EAP en hafa jafnframt sveigjanleika vegna staðbundinna þarfa, eins og gert er ráð fyrir af hendi EAP.

- I-4 Bretland: Ein stærstu landssamtök sálmeðferðarfræðinga í Evrópu eru þau bresku (UKCP). Samtökin eru ekki meðlimir í EAP en gagnkvæm viðurkenning á vottunum er á milli EAP og UKCP. 73 breskar vottaðar menntastofnanir (OM) eru innan UKCP.
- I-5 Norðurlönd: Dönsku (DPFO) og norsku (NPF) samtökin taka mið af reglum EAP.
- I-6 Ísland: Sálmeðferðarfræði er lítt þekkt fag hér, starfið er ekki löggilt og ekki hægt að læra það á Íslandi. Félag þetta er fyrsta viðleitnin í að skapa umgjörð um þetta fag.
- I-7 Bandaríkin: Sálmeðferðarfræðingar eru stór og virt fagstétt í Bandaríkjunum. Námið er meistaranám. Almenna starfsheitið er Psychotherapist. Önnur sértækari heiti eru Marriage and Family Therapist, Counseling Psychologist og Mental Health Counselor.

## **Kafli II Kröfur fyrir aðild að Félagi sálmeðferðarfræðinga – Samantekt**

- II-1 Í samræmi við Evrópusamtök sálmeðferðarfræðinga (EAP) og Heimssamtök sálmeðferðarfræðinga (WCP) fyrir vottun á námi (ECP, WCPC) sálmeðferðarfræðinga (Psychotherapist) er gerð krafa um að lágmarki skilgreint sálmeðferðarfræðinám sem hlutanám yfir 4ra ára tímabil ( III-2) að loknu 3 ára grunnnámi á háskólastigi ( III-1).
- II-2 Kröfur í lið II-1 byggja á Strassborgar yfirlýsingunni sem kveður á um að sálmeðferðarfræði sé sjálfstætt fag byggt á vísindalegum grunni þar sem margvísleg aðferðarfræði er viðurkennd. Menntunin sé á framhaldsstigi háskóla og skiptist í fræðilegan hluta, persónulega sálræna vinnu og klíníska vinnu undir handleiðslu. Forkröfur séu einkum, en ekki eingöngu, háskólanám í heilbrigðis- og félagsvísindum.
- II-3 Á Íslandi er að auki gerð krafa um meistaragráðu háskóla ( III-3).

## **Kafli III Kröfur fyrir aðild að Félagi sálmeðferðarfræðinga – Nákvæm útlistun**

### **III-1 Grunnám fyrir upphaf náms í sálmeðferðarfræði**

- A. Forkarfa er gerð um að grunnnám sem undanfari sálmeðferðarfræðináms hafi verið hið minnsta 3ja ára háskólagráða á heilbrigðisviði.
- B. Stjórn félagsins getur vikið frá þessari kröfu ef hún telur undanfaranám umsækjanda hæfilegt að lengd og gæðum og nægjanlega tengt sálmeðferðarfræði.

### III-2 Sálmeðferðarfræði

- A. Lengd: að lágmarki 4ja ára hlutanám (1400 klst.) (skv. II-1) í sálmeðferðarfræði með eftirfarandi innihaldi:
- B. Eigin sálræn meðferð 250 klst. þar af 160 klst. einstaklingsmeðferð utan námshóps.
- C. Fræðilegt nám á sviði sálmeðferðarfræði, 500-800 klst. og skal innihalda að lágmarki: þroskasálfræði, skilning á nálgun mismunandi sálfræðimeðferða og félags-/menningarlegum þáttum, geðraskanir, áfallafræði, siðfræði, fagmennsku, aðferðafræði rannsókna, meðferðarsambandið, klínískt mat og meðferð.
- D. Verkleg þjálfun í sálmeðferðarfræði, 300 klst. í 2 ár hið minnsta.
- E. Verkleg þjálfun á geðheilbrigðisstofnun eða jafngildi. Þarf að innihalda kennslu í viðbrögðum við sálfélagslegu bráðaástandi og þátttöku í þverfaglegu samstarfi.
- F. Handleiðsla á meðferðarvinnu, 150 klst. hið minnsta í 2 ár samhliða þætti III-2-D, veitt af sérfræðingi á viðkomandi sviði / nálgun sálrænnar meðferðar.
- G. Þjálfun, handleiðsla og eigin sálræn meðferð skal vera í höndum fagfólks sem er með menntun og þjálfun sem samræmist kröfum um aðild að félaginu.
- H. Námið (1400 klst.) skal vera að 2/3 hlutum í meðferðarnálgunum sem EAP viðurkennir. 1/3 hluti skal vera í einni meðferðarnálgun sem EAP viðurkennir og skal undir hana falla hluti handleiðslu, eigin meðferðar og verkleg þjálfun.
- I. Undanþágur: Mögulegar tilhliðranir vegna skilyrða A-H skulu vandlega íhugaðar af stjórn Félags sálmeðferðarfræðinga, taka mið af reglum EAP og WCP og vera samþykktar af meirihluta stjórnar. Sveigjanleiki er hluti af grunnstefnu EAP.

### III-3 Meistaragráða háskóla

- A. Að auki er gerð krafa á Íslandi um meistaragráðu háskóla á sviði sálrænnar meðferðar (psychotherapy).
- B. Stjórn félagsins getur vikið frá kröfu um svið meistaragráðu ef hún telur meistaragráðu umsækjanda nægjanlega tengda sálmeðferðarfræði. Einkum er hér átt við heilbrigðis- og félagssvið.
- C. Víkja má frá kröfu um meistaragráðu ef grunnnám heilbrigðisstarfsmanns var hið minnsta 6 ár í háskóla.

## KAFLI V Umsóknarferli fyrir aðild að félaginu

- V-1** Sótt er um aðild að félaginu til stjórnar félagsins á pósthfang félagsins.
- V-2** Meirihluta stjórnar þarf til samþykktar að aðild að félaginu.
- V-3** Öll gögn skulu vera í frumriti eða vottuð afrit.
- V-4** Staðfestingar á námi tejust vera skírteini um Diploma og Meistaragráðu og skulu þær fylgja umsókn, samkvæmt V-3. Eftirtalin gögn veita aðild:
- A. Staðfestingar á námi frá EAP viðurkenndri stofnun, EAPTI stofnun. Sjá lista yfir EAPTI á vef EAP.
  - B. ECP skírteini (Evrópa) auk staðfestinga á námi.
  - C. Staðfestingar á námi frá UKCP viðurkenndri stofnun, OM stofnun. Sjá lista yfir OM á vef UKCP.
  - D. UKCP aðildarskírteini (Bretland), í gildi eða útrunnið, auk staðfestinga á námi.
  - E. Bandaríkin: Vottun um meistaragráðu í Counseling Psychology, Marriage and Family Therapy eða Clinical Mental Health Counseling frá viðurkenndri menntastofnun í Bandaríkjunum.
- V-5** Sé vottun samkvæmt lið V-4 ekki til staðar, þarf umsækjandi að leggja fram gögn sem sýna fram á að námið samrýmist skilyrðum þeim sem greint er frá í kafla III.
- A. Stjórn Félags sálmeðferðarfræðinga metur slíkar umsóknir.
  - B. Nám viðkomandi er metið á grunni reglna Evrópusamtaka sálmeðferðarfræðinga (EAP) um vottun náms (ECP) samkvæmt kafla III.
  - C. Ekki skal vikið frá þeirri reglu að námið hafi að lágmarki verið skipulagt 4 ára hlutanám í sálmeðferðarfræði (e: Psychotherapy).
  - D. Gæta skal sveigjanleika í dreifingu innbyrðis hinna 4 þátta námsins, fræðilegt, persónuleg sálræn vinna, klínískt nám undir handleiðslu, sem þó verða allir að vera til staðar.

*Samþykkt fyrir stofnfund félagsins 24.10.2019.*

*F.h. stjórnar*

\_\_\_\_\_ *formaður*